

Ed.

257. Nefndarálit

í málinu: frumvarp til laga um stofnun peningalotterís fyrir Ísland (á þskj. 193).

Mál þetta hefir sætt rækilegri meðferð í hv. neðri deild og frumvarpið hlotið samþykki hennar með miklu atkvæðamagni.

Nú hefir undirrituð nefnd, er háttv. efri deild vísaði málinu til, haft það til íhugunar og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje áhorfsmál að neyta beri þessa færís, til að afla landssjóði svo verulegs tekjuauka, sem hjer er í boði, er samkv. frumv. nemur sem næst kr. 200,000 á ári að minsta kosti.

En með því að sú verzlun, sem hjer ræðir um að lögleyfa, er nýmæli hjer á landi, og nokkurri fjárbættu hundin fyrir kaupendur hlutanna, telur nefndin varhugavert, að hafa hjer á landi á boðstólum alt að 5 fyrstu árin, meðan landsbúar venjast þessari nýjung og átta sig á henni, svo marga hluti, sem 2. grein frv. heimilar, og væntir þess að stjórn Íslands, er til leyfisveitingarinnar kemur, takmarki þá hluta tölu að miklum mun.

Þar sem nefndin álitur frumvarpið vel úr garði gert, og hefir fengið þá vitneskju, er næst stappar vissu um, að fyrirtækið komist í framkvæmd á næsta ári, verði frumvarpinu ekki breytt, ræður hún háttvirtri deild eindregið til að samþykkja það óbreytt.

Efri deild Alþingis 15. ágúst 1912.

Jens Pálsson,
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson,
formaður.

Sigurður Stefánsson.

Stefán Stefánsson.

Þórarinn Jónsson.